



## Fundur í sveitarstjórn

**77. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í húsnaði grunnskólans á Bakkafirði fimmtudaginn 15. febrúar 2018 og hófst kl. 17:00.**

**Mætt voru:** Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Reynir Atli Jónsson, Sóley Indriðadóttir, Halldór Rúnar Stefánsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergadóttir, Björn Guðmundur Björnsson og Jónas Egilsson starfandi sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti lagði til eftirtaldir liðir kæmu inn í dagskrána og númeraröð annarra liða breyttist samsvarandi:

- Liður 11. Norðurhjari, erindi vegna samstarfs, dags. 1. febrúar 2018
- Liður 12. Minnisblað frá Bonafide lögmönnum vegna bréfs Sóknar lögmannsstofu, sbr. 9. tl. 76. fundar
- Liður 14. Framkvæmd leikskóla - að beiðni U-lista
- Liður 15. Ráðstöfun styrkvegafjár 2017 og staða framkvæmda - að beiðni U-lista
- Liður 16. Finnafjarðarverkefnið - að beiðni U-lista

Samþykkt með sex atkvæðum, einn á móti.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

### Dagskrá

1. Fundargerð 856. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. janúar 2018
2. Fundargerð 400. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 22. janúar 2018
3. Fundargerð stjórnar Markaðsstofu Norðurlands, dags. 11. desember 2017
4. Fundargerð 302. fundar stjórnar Eyþings, 26. janúar 2018
5. Fundargerð 18. fundar landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar, dags. 25. október 2017
  - 5.1. Liður 2) Önnur mál (a) Ályktun vegna stöðu sauðfjárræktar
  - 5.2. Liður 2) Önnur mál (d) Ónýtar girðingar
6. Fundargerð 8. fundar velferðarnefndar, dags. 5. febrúar 2018,
  - 6.1. Liður 1) Íþróttamiðstöðin Ver, umgengisreglur og verðskrá
7. Margheimar (Akkeri Films), umsókn um styrk, dags. 1. febrúar 2018



8. Birkir Karl Sigurðsson, umsókn um styrk vegna skáknámskeiðs, dags. 23. janúar 2018
9. Styrkir til að setja upp þráðlaus net í almenningsrýmum
10. Samband ísl. sveitarfélaga, viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, dags. 5. febrúar 2018
11. Norðurhjari, erindi vegna samstarfs, dags. 1. febrúar 2018
12. Minnisblað frá Bonafide lögmönnum, dags. 13. febrúar 2018 vegna erindis Sóknar lögmannsstofu
13. Breytingar á íþróttaaðstöðu í Veri
14. Framkvæmd leikskóla
15. Ráðstöfun styrkvegafjár árið 2017 og staða framkvæmda
16. Finnafjarðarverkefnið
17. Langanesvegur 2
18. Skýrsla starfandi sveitarstjóra

## Fundargerð

### 1. Fundargerð 856. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. janúar 2018

Fundargerðin lögð fram.

Til máls tók Siggeir Stefánsson.

### 2. Fundargerð 400. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 22. janúar 2018

Fundargerðin lögð fram.

### 3. Fundargerð stjórnar Markaðsstofu Norðurlands, dags. 11. desember 2017

Fundargerðin lögð fram.

### 4. Fundargerð 302. fundar stjórnar Eypings, 26. janúar 2018

Fundargerðin lögð fram.

### 5. Fundargerð 18. fundar landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar, dags. 25. október 2017

Fundargerðin lögð fram.

#### Liður 2) Önnur mál (a) Ályktun vegna stöðu sauðfjárræktar

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn felur sveitarstjóra, í samráði við landbúnaðarnefnd, að undirbúa tillögu að ályktun sveitarstjórnar um stöðu sauðfjárræktar í landinu sem taki mið af nýrri stöðu eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um 600 m.kr. viðbótarframlag til sauðfjárræktar og bænda.



Samþykkt samhljóða.

## Liður 2) Önnur mál (d) Ónýtar girðingar

Bréf hafa verið send til landeigenda í Langanesbyggð árin 2015, 2016 og 2017, þar sem vakin er athygli á þeirri skyldu þeirra að fjarlægja ónýtar girðingar á jörðum sínum, skv. girðingarlögum. Nokkrir eigendur hafa brugðist við og fjarlægt þær, en talsvert er enn af girðingum sem geta verið hættulegar búfé og eru til óþurftar.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að tilkynna landeigendum í sveitarfélaginu að ónýtar girðingar muni verða fjarlægðar í sumar á kostnað þeirra, skv. heimild í girðingarlögum. Í framhaldi af því verði leitað tilboða við að fjarlægja allar ónýtar girðingar.

Samþykkt samhljóða.

## **6. Fundargerð 8. fundar velferðarnefndar, dags. 5. febrúar 2018, 2018**

Fundargerðin lögð fram.

### Liður 1) Íþróttamiðstöðin Ver, umgengnisreglur og verðskrá

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir framlagðar umgengnisreglur fyrir laugargesti og íþróttamiðstöðina. Einnig er samþykkt að verðskrá verði endurskoðuð þegar ný aðstaða verður tekin í notkun eftir fyrirhugaðar breytingar.

Samþykkt samhljóða.

## **7. Margheimar (Akkeri Films), umsókn um styrk, dags. 1. febrúar 2018**

Farið er fram á stuðning við gerð kvikmyndarinnar Margheimar að upphæð kr. 400.000.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við framkominni beiðni. Sveitarstjórn hvetur viðkomandi til að leita til uppbyggingarsjóðs Norð-Austurlands sem styrkir slík verkefni.

Samþykkt samhljóða.

## **8. Birkir Karl Sigurðsson, umsókn um styrk vegna skáknámskeiðs, dags. 23. janúar 2018**

Farið er fram á stuðning við tveggja daga skáknámskeið í Langanesbyggð.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir að veita allt að kr. 80.000 til verkefnisins og að námskeiðið skuli haldið í samvinnu við skólustjóra Grunnskólans á Þórshöfn.

Samþykkt samhljóða.

## **9. Styrkir til að setja upp þráðlaus net í almenningsrymum**

Evrópusambandið býður sveitarfélögum upp á styrki til að koma upp þráðlausu netsambandi í almenningsrymum í sveitarfélögunum.



**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kanna möguleika á að koma upp þráðlausu netsambandi á opnum svæðum í byggðalaginu, hvað slíkt myndi kosta og hvaða styrkir mögulega fái til verkefnisins.

Til máls tók Siggeir Stefánsson.

Samþykkt samhljóða.

## **10. Samband ísl. sveitarfélaga, Viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, dags. 5. febrúar 2018**

Í bréfinu er samþykkt stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar sem sveitarfélög eru hvött til að skilyrða fjárveitingar til íþróttafélaga og annarra félaga sem bjóða upp á tómtundaiðkun fyrir börn og unglinga að þau setji sér siðareglur og viðbragðsáætlanir um ofbeldi og áreitni.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til velferðarnefndar til umsagnar.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Jónas Egilsson.

Samþykkt samhljóða.

## **11. Norðurhjari, erindi vegna samstarfs, dags. 1. febrúar 2018**

Lagt fram bréf frá Norðurhjara, dags. 1. febrúar 2018, ásamt fylgigögnum og tillögu að samningi.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til atvinnu- og ferðamálanefndar til umsagnar.

Til máls tóku Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Jónas Egilsson.

Samþykkt samhljóða.

## **12. Minnisblað frá Bonafide lögmönnum, dags. 13. febrúar 2018 vegna erindis Sóknar lögmennsstofu**

Minnisblað frá Bonafide lögmönnum, dagsett 13. febrúar 2018, vegna erindis Sóknar lögmennsstofu, dagsett 6. desember 2017, og lagt var fyrir 76. fund sveitarstjórnar sbr. 9. tölulið. Í erindi Bonafide lögmanna kemur fram að Halldór fiskvinnsla ehf. og skjólstæðingur Sóknar, hafi engar forsendur til að gera kröfu á Langanesbyggð vegna þeirrar ákvörðunar MAST að afturkalla starfsleyfi þurrkhjalla Halldórs fiskvinnslu á Bakkafirði.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn felur sveitarstjóra, sbr. bókun 11. töluliðar 75. fundar, að leita áfram leiða til að finna nýja staðsetningu fyrir þurrkhjalla á Bakkafirði.

Til máls tók Siggeir Stefánsson.

Samþykkt samhljóða.



### 13. Breytingar á íþróttaaðstöðu í Veri

Lagt fram minnisblað um framkvæmdir og endurbætur á Veri með upplýsingum um áætlaðan kostnað við framkvæmdir í kjölfar flutnings mótuneytis í Þórsver. Fram kemur að kr. 2.750.000 eru ætlaðar til verksins á árinu 2018.

Til máls tóku: Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Jónas Egilsson, Halldór Rúnar Stefánsson, Jónas Egilsson veitti andsvar, Siggeir Stefánsson, Þorsteinn Ægir Egilsson veitti andsvar.

### 14. Framkvæmd leikskóla – að beiðni U-lista

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Jónas Egilsson veitti andsvar, Siggeir Stefánsson, Jónas Egilsson veitti andsvar, Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson veitti andsvar.

U-listinn lagði fram eftirtaldar spurningar:

1. Óskum eftir því að lagður verði fram samningur sem gerður var við BJ vinnuvélar um framkvæmdir við akveg og bílastæði við leikskóla. Hafi ekki verið gerður skriflegur samningur óskum við eftir nákvæmum upplýsingum um hvað var samið þ.e. verð og verktíma.
2. Upplýsingum um hvort verkið hafi verið útboðsskylt og ef það var ekki á hvaða forsendum sá verktaki sem fenginn var til verksins var valinn og hvort leitað hafi verið tilboða eða gerð verðkönnun.
3. Hver er orðinn heildarkostnaður alls verksins í dag?
4. Hver er umsamin heildarkostnaður við gerð akvegjar og bílastæða við nýbyggingu leikskóla

Skrifstofustjóri mun svara framkomnum spurningum skriflega til allra sveitarstjórnarmanna.

Oddviti gerði hlé fundi kl. 18:53.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:58.

Oddviti veitti Reyni Atla ávítur fyrir framkomu hans og orðaval.

Til máls tóku Þorsteinn Ægir Egilsson og Siggeir Stefánsson.

### 15. Ráðstöfun styrkvegafjár árið 2017 og staða framkvæmda – að beiðni U-lista

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Jónas Egilsson, veitti andsvar, Siggeir Stefánsson.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhléi kl. 18:08. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:12.

Til máls tók Björn Guðmundur Björnsson og lagði fram svohljóðandi bókun: U-listinn lýsir yfir vonbrigðum sínum með að styrkvegafé árið 2018 hafi ekki nýst sveitarfélaginu.

### 16. Finnafjarðarverkefnið – að beiðni U-lista



Til máls tók: Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun: U-listinn vill koma eftirfarandi á framfæri:

Vegna þeirra umfjöllunar sem birst hefur undanfarið um Finnafjarðarverkefnið í fjölmiðlum er rétt að eftirfarandi komi fram: *bremenports* telur frekar líklegt að fjárfestar sem munu koma að uppbyggingu í Finnafirði í framtíðinni muni þurfa tryggingar fyrir því að útgefandi sérleyfis geti ekki hlaupist undan sínum skyldum á gildistíma sérleyfisins. Það hefur ekkert með ábyrgðir, tryggingar eða fjárhagslegar skuldbindingar fyrir háum fjárfestingum sérleyfishafans að gera, eða að sveitarfélögin þurfi að veita slíkar tryggingar. Umfjöllunin hefur verið óvönduð og beinlínis röng, en gefið hefur verið í skyn að *bremenports* krefjist þess að sveitarfélögin taki á sig fjárhagslegar ábyrgðir framkvæmdaraðila fyrir milljarða króna. Það er aftur á móti líklegt að sérleyfishafi geti illa fjármagnað sínar framkvæmdir nema að tryggt sé að útgefandi sérleyfis geti undir öllum tilvikum staðið við sínar skuldbindingar. Það er eðlilegt að þróunaraðilar sem eru að aðstoða sveitarfélögin í þessu máli, *bremenports* o.fl. telji eðlilegt að þannig sé frá málum gengið. Það er og hefur alltaf verið öllum aðilum ljóst frá byrjun að sveitarfélögin munu ekki hafa bolmagn til að koma með fjármagn í þetta verkefni. Viðkomandi verkefni hefur verið í skoðun hjá Langanesbyggð í mörg ár og getur ef vel tekst til skipt sköpum fyrir framtíðarþúsetu á svæðinu. Verkefnið er stórt langtíma verkefni og því nauðsynlegt að stíga varlega til jarðar. Því er mikilvægt að sveitarstjórnarmenn sýni samheldni og gangi í takt í þessu máli.

Reynir Atli Jónsson óskaði eftir fundarhléi kl. 18:18. Samþykkt

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:22.

## 17. Langanesvegur 2

Í samræmi við bókun 6. töluliðar 76. fundar hefur sveitarstjóri átt viðræður við eigendur hússins að Langanesvegi 2. Í kjölfar þessara viðræðna liggur fyrir samþykkt kauptilboð Langanesbyggðar í húsið allt með fyrirvara um faglega úttekt og samþykki sveitarstjórnar.

Til máls tóku Siggeir Stefánsson, Jónas Egilsson veitti andsvar.

Siggeir Stefánsson bað um fundarhlé kl. 18:30. Samþykkt.

Oddviti setti fund kl. 18:36.

Björn Guðmundur Björnsson tók til máls og lagði fram svohljóðandi bókun: U-listinn leggur til að beðið verði með ákvörðun varðandi kaup á Langanesvegi 2 þar til frekari upplýsingar liggja fyrir eins og gerð áætlanar um heildarkostnað við lagfæringar á húsnaðinu og frekari áætlanir um rekstur eða framtíð fasteignarinnar áður en lengra er haldið. Einnig teljum við að þessi ákvörðun ætti að bíða nýrrar sveitarstjórnar.

**Samþykkt um bókun:** Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi kauptilboð og heimilar sveitarstjóra að undirrita kaupsamning að því gefnu að ekki komi fram alvarlegir gallar í



fyrirhugaðri úttekt. Einnig samþykkir sveitarstjórn að gerður skuli viðauki við fjárhagsáætlun vegna þessara kaupa til afgreiðslu á næsta fundi hennar.

Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn atkvæðum Björns Guðmundar Björnssonar, Siggeirs Stefánssonar, Halldóru Jóhönnu Friðbergsdóttur.

## 18. Skýrsla starfandi sveitarstjóra

Jónas Egilsson starfandi sveitarstjóri fór yfir þau mál sem ekki er getið sérstaklega hér að ofan og hafa verið í gangi hjá skrifstofu.

Finnafjarðarverkefnið. Undanfarið hefur hæst borið undirbúningur vegna ferðar forsvarsmanna *bremenports* til Íslands, um er að ræða ferð vegna árlegs upplýsingafundar með öllum er að verkinu koma í svokölluðum samráðshópi. Heimsókn forsvarsmanna *bremenports* verður dagana 27 febrúar til 2 mars. Lokið er, eða því sem næst, að skipuleggja fundi með ráðuneytisfólki, fundi með sveitarstjórnnum og landeigendum. Einnig er verið að skipuleggja fund viku seinna með forsvarsmanni fjárfestingasjóðsins *Guggenheim* (sennilega 12 mars).

Fundir í ráðuneytum eru hefðbundnir fundir hvar aðilar skiptast á upplýsingum og koma á framfæri því sem þeir telja verkefninu mikilvægt en snúi að verksviði annarra. Hvað varðar fundi með landeigendum þá eru þeir annarsvegar hugsaðir til þess að veita *bremenports* og EFLU möguleika á að veita landeigendum upplýsingar um framgang verkefnisins og mögulega framþróun þess ásamt og að gefa færi á að ræða svokallaða *LandownersPool* hugmynd betur. Fundir með sveitarstjórnnum eru svo hugsaðir til upplýsingar á báða bóga og skoðanaskipta.

Inn á milli umræddra funda verður svo fléttað fundum kjarnahóps samstarfsins (*bremenport*, EFLA og sveitarfélög) hvar tekið verður á hinum ýmsu málum er verkefnið varða. Allt hlutir sem hafa verið ræddir á fundum sveitarstjórnar og í samræmi við samþykktir hennar.

Leikskóli. Sveitarstjóri fundaði í síðustu viku með hönnuðum byggingarinnar, hönnun og gerð útboðsgagna er á áætlun. Búast má við að útboðsgögn verði dýrari en ráð var fyrir gert. Búið er að auglýsa útboð er tekur á jarðvinnu vegna hússins, tengdri lagnavinnu og girðingu við leikskólann. Fram hefur farið verðkönnun á sökklum. Tveir tóku þátt og verður lagt fyrir sveitarstjórn að semja við lægstbjóðanda. Reiknað er með að bæði þessi verk verði sett fyrir næsta fund sveitarstjórnar, betra að setja þau saman þar sem þau eru nátengd.

Húsnæðisáætlun. Sveitarstjóri fundaði með fulltrúum KPMG í síðustu viku vegna húsnæðisáætlunar ásamt og að vinna að gagnöflun vegna hennar. Vinnan gengur vel og er ljóst að plaggið verður gagnlegt og fróðlegt.



Skoðun á rekstri áhaldahúss, hafnar og slökkviliðs. Vinna er hafin við umrædda skoðun og hefur sveitarstjóri fundað tvisvar með fulltrúum KPMG ásamt því að draga til umtalsvert magn gagna fyrir þá. Drög munu liggja fyrir fljótlega.

Hesthúsahverfi deiliskipulag. Verkefnið er komið til skipulagsráðgjafa og er þar í vinnslu.

Gönguleiðir á Bakkafirði og Þórshöfn. Verkið er komið í hendur Teiknistofu Norðurlands. Sveitarstjóri hefur fundað með hönnuði og mun gera það fljótlega aftur. Fyrsti áfangi hönnunar snýr að tenginu sunnuegssvæðisins við stígakerfi að leikskóla.

Naust, endurbætur á húsnæði. Óskað hefur verið eftir hugmyndum hönnuða (Batterið) og kostnaðarmati á verkinu. Einnig var þess óskað af hönnuðum að þeir horfðu lítillega til þess hvernig mögulegt væri að stækka heimilið, sérstaklega að breytingar rýri ekki möguleika til stækkunar.

Sértækir byggðakvóti. Byggðastofnun ákvað á fundi að úthluta Bakkafirði 100 tonnum af sértækum byggðakvóta til eins árs, kvótinn hefur verið auglýstur og bárust tvær umsóknir. Nú er unnið að úthlutun.

Bakkfjörður, endurreisn. Langt er komið að setja saman drög að tillögum til ríkisstjórnar, unnið er út frá því plani að hægt verði að kynna umræddar tillögur um komandi mánaðarmót.

Úttekt á rekstri fræðslumála í Langanesbyggð. Verkið er komið lítilega af stað, Gunnar Gíslason ráðgjafi hefur verið fenginn í það og hefur hann sent spurningar sem komið verður til skólastjóra á næstu dögum.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Jónas Egilsson, Björn Guðmundur Björnsson.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10.